

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 601/2014****2015/EES/16/10****frá 4. júní 2014****um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar
matvælaflokka fyrir kjöt og notkun tiltekinna matvælaaukefna í unnar kjötvörur (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum var tekin saman á grundvelli matvælaaukefna sem voru leyfð til notkunar í matvæli í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB⁽³⁾, 94/36/EB⁽⁴⁾ og 95/2/EB⁽⁵⁾ og eftir yfirferð á því hvort þau samræmdust 6., 7. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008. Skrá Evrópusambandsins tekur til matvælaaukefna á grundvelli þeirra flokka matvæla sem heimilt er að bæta þeim í.
- 4) Í D-hluta skrár Evrópusambandsins er flokkur 8 sem tekur til kjöts og þar á meðal eru undirflokkar 8.1: Óunnið kjöt og 8.2: Unnið kjöt. Flokki 8.1 er skipt frekar niður í flokka 8.1.1: Óunnið kjöt annað en unnar kjötvörur, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004⁽⁶⁾ og 8.1.2: Unnar kjötvörur, eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004.
- 5) Í lið 1.15. í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 eru unnar kjötvörur skilgreindar sem nýtt kjöt, þ.m.t. kjöt sem hefur verið bitað niður, sem matvælum, kryddi eða aukefnum hefur verið bætt í eða sem hefur verið sett í vinnslu sem nægir ekki til að breyta innri byggingu vöðvaþráða í kjötinu og eyða þannig einkennum þess sem nýs kjöts. Síðan

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 166, 5.6.2014, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2015 frá 26. febrúar 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum (Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum (Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni (Stjtið. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1).

(6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

hefur verið skýrt nánar að unnar kjötvörur geta hvort heldur sem er verið unnar eða óunnar⁽⁷⁾. Ef þeir eiginleikar sem einkenna nýtt kjöt hverfa alveg við vinnsluna ætti þó ekki lengur að líta á það sem unna kjötvöru heldur ætti það að falla undir skilgreininguna um „kjötafurðir“ eins og sett er fram í lið 7.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Í þágu lagalegs skýrleika þykir rétt, að því er varðar flokk 8, að nota hugtökin „nýtt kjöt“, „unnar kjötvörur“ og „kjötafurðir“ eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004. Því ber að breyta undirflokkunum í flokki 8 í D-hlutanum í skrá Evrópusambandsins til samræmis við það.

- 6) Notkun á matvælaaukefnum sem tilheyra flokki I, eins og skilgreint er í C-hluta skrár Evrópusambandsins, er almennt leyfð í unnið kjöt en hins vegar er notkun á matvælaaukefnum, sem tilheyra þeim flokki, í óunnið kjöt takmörkuð og einungis leyfð á grundvelli hvers tilviks fyrir sig.
- 7) Þegar skrá Evrópusambandsins, eins og sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, var tekin saman töldust unnar kjötvörur, eins og þær eru skilgreindar í reglugerð (EB) nr. 853/2004, vera óunnið kjöt og í það var einungis leyft að nota takmarkaðan fjölda af aukefnum. Önnur túlkun á skilgreiningunni á unnum kjötvörum hefur leitt til þeirrar stöðu að notkun á tilteknum aukefnum í tiltekna flokka kjöts er mismunandi milli aðildarríkja.
- 8) Framkvæmdastjórninni hafa borist beiðnir um að taka eitthvað af þessari notkun inn í skrá Evrópusambandsins yfir leyfð matvælaaukefni. Þessar beiðnir hafa verið gerðar aðgengilegar fyrir öll aðildarríkin. Rétt þykir að taka þessa notkun inn í skrá Evrópusambandsins þegar viðkomandi notkun uppfyllir almenn skilyrði fyrir notkun matvælaaukefna sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1333/2008 og að teknu tilliti til þarfarinnar fyrir að halda tilteknum hefðbundnum vörum á markaði í sumum aðildarríkjum.
- 9) Að beiðni nokkurra aðildarríkja og/eða kjötiðnaðarins hefur tiltekin notkun á kúrkúminum (E 100), karmínnum (E 120), karamellubrónum litarefnum (E 150a-d), paprikukjarna (E 160c) og rauðrófuliti (E 162), sem hefð var fyrir að nota í tilteknum aðildarríkjum til litunar á ýmsum tegundum af *merguez*-vörum og öðrum hefðbundnum vörum: *salsicha fresca*, *mici*, *butifarra fresca*, *longaniza fresca*, *chorizo fresco*, *bifteki*, *soutzoukaki*, *kebab*, *cevapcici* og *pljeskavice*, verið tekin til athugunar og rétt er að leyfa þessa notkun.
- 10) Að beiðni nokkurra aðildarríkja hefur notkun á ediksýru og asetötum (E 260–263), mjólkursýru og laktötum (E 270, E 325–327), askorbínsýru og askorbötum (E 300–302) og sítrónusýru og sítrötum (E 330–333), sem sýrustillar, rotvarnarefni og/eða þrávarnarefni til að koma í veg fyrir oxun og/eða þránun og til að auka örverufræðilegan stöðugleika, verið tekin til athugunar og rétt er að leyfa þessa notkun í allar unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í.
- 11) Að beiðni nokkurra aðildarríkja hefur notkun á fosförsýru og fosfötum, dí-, trí- og fjölfosfötum (E 338–452), sem rakaefni til að koma í veg fyrir að kjötsafi tapist við frekar vinnslu, einkum þegar saltleginum hefur verið sprautað í, verið tekin til athugunar og rétt er að leyfa þessa notkun. Í því skyni að takmarka frekari váhrif af völdum viðbættra fosfata í matvælum ætti þó að takmarka notkun á þessum fosfötum við *Kasseler*, *Bräte*, *Surfleisch*, *toorvorst*, *a□lökk*, *ahjupraad* og hamborgarakjöt (*burger meat*), sem inniheldur a.m.k. 4% af grænmeti og/eða korni sem er blandað saman við kjötið, og grásaltaða, finnska jólaskinku (e. *Finnish grey salted Christmas ham*).
- 12) Að beiðni nokkurra aðildarríkja og/eða kjötiðnaðarins hefur notkun á nítítrím (E 249–250) sem rotvarnarefni í tiltekna hefðbundnar vörur: *lomo de cerdo adobado*, *pincho moruno*, *careta de cerdo adobada*, *costilla de cerdo adobada*, *Kasseler*, *Bräte*, *Surfleisch*, *toorvorst*, *šašlökk*, *ahjupraad*, *kielbasa surowa biala*, *kielbasa surowa metka* og *tatar wolowy (danie tatarskie)* verið tekin til athugunar og rétt er að leyfa þessa notkun.
- 13) Að beiðni nokkurra aðildarríkja og/eða kjötiðnaðarins hefur notkun á algínötum (E 401–404), karragenani (E 407), unnu echema-þangi og þara (E 407a), karóbgúmmíi (E 410), gúargúmmíi (E 412), tragakanti (E 413), xantangúmmíi (E 415), asetýluðu dísterkjufosfati (E 1414) og hýdroxýprópyldísterkjufosfati (E 1442), sem rakaefni eða bindiefni til að minnka vatnstap í umbúðunum og til að koma í veg fyrir að kjötsafi tapist við frekari vinnslu, verið tekin til athugunar. Þessa notkun ætti að leyfa í unnar kjötvörur, sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í, og í unnar kjötvörur sem eru samsettar úr hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman, t.d. kjötrúllur sem innihalda hakkað kjöt. Matvælaaukefni, sem eru notuð í unnar kjötvörur til að koma í veg fyrir að kjötsafi tapist við frekari vinnslu, villa ekki um fyrir neytendum.

⁽⁷⁾ Leiðbeiningarskjal stjórnarsviðs heilbrigðis- og neytendamála um framkvæmd tiltekinna ákvæða reglugerðar (EB) nr. 853/2004 um hollustuhætti varðandi matvæli úr dýrarkinu http://ec.europa.eu/food/food/biosafety/hygienelegislation/guide_en.htm

- 14) Að beiðni nokkurra aðildarríkja og/eða kjötiðnaðarins hefur notkun á natríumkarbónötum (E 500), sem rakaefni í unnar alifuglakjöttvörur, *mici*, *bifteki*, *soutzoukaki*, *kebab*, *seftalia*, *cevapcici* og *pljeskavice*, til þess að viðhalda þéttleika og safaríki meðan á frekari vinnslu stendur, verið tekin til athugunar og rétt er að leyfa þessa notkun. Enn fremur gerir þessi notkun í unnar alifuglakjöttvörur það kleift að elda alifuglakjöt lengur og á skilvirkari hátt, viðhalda safaríki þess og komast hjá neyslu á vanelduðu alifuglakjöti.
- 15) Að beiðni aðildarríkis og/eða kjötiðnaðarins hefur notkun á asetýluðu dísterkjufosfati (E 1414) og hýdroxýprópýldísterkjufosfati (E 1442) til að minnka vatnstap í kjötvörum, sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í, og í unnum kjötvörum sem eru samsettar út hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman, t.d. kjötrúllur sem innihalda hakkað kjöt, og til þess að viðhalda safaríki meðan á tilreiðslu *gyros*, *souvlaki*, *bifteki*, *soutzoukaki*, *kebab* og *seftalia* stendur, verið tekin til athugunar og rétt er að leyfa þessa notkun.
- 16) Að því er varðar hefðbundnar vörur ætti umbeðin notkun á matvælaaukefnunum að uppfylla almenn skilyrði fyrir notkun, sem sett eru fram í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008, og einkum ætti hún ekki að villa um fyrir neytendum í aðildarríkjunum eða á þeim svæðum þar sem hefð er fyrir því að neyta þessara vara.
- 17) Til að tryggja samræmda beitingu á notkun aukefna sem falla undir þessa reglugerð er hefðbundnum unnum kjötvörum lýst í leiðbeiningarskjalinu þar sem matvælaflokkunum er lýst í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum⁽⁸⁾.
- 18) Leyfa ætti notkun meginreglunnar um yfirfærslu, sem sett er fram í a-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008, fyrir unnar kjöttvörur eins og þær eru skilgreindar í reglugerð (EB) nr. 853/2004.
- 19) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Ediksýra og asetöt (E 260–263), mjólkursýra og laktöt (E 270, E 325–327), askorbínsýra og askorböt (E 300–302), sítrónusýra og sítröt (E 330–333), algínöt (E 401–404), karragenan (E 407), unnið echema-þang og þari (E 407a), karóbgúmmí (E 410), gúargúmmí (E 412), tragakant (E 413), xantangúmmí (E 415), natríumkarbónöt (E 500), asetýluð dísterkjufosföt (E 1414) og hýdroxýprópýldísterkjufosföt (E 1442) tilheyra flokki aukefna sem ásætlanleg, dagleg inntaka hefur ekki verið tilgreind fyrir. Það bendir til þess að efnið skapi ekki áhættu fyrir heilbrigði í því magni sem nauðsynlegt er til að ná fram tilætluðum tæknilegum áhrifum. Af þeim sökum telst rýmkuð notkun á þessum aukefnum uppfærsla á skrá Evrópusambandsins sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna. Notkun á kúrkúmíni (E 100), karmínnum (E 120), karamellubrúnum litarefnum (E 150a-d), paprikukjarna (E 160c), rauðrófulit (E 162), nítrítum (E 249–250), fosförsýru og fosfötum, dí-, trí- og fjölfosfötum (E 338–452) verður einungis rýmkuð svo hún nái til tiltekinna vara sem hefðbundið er að nota; þannig telst rýmkuð notkun á þessum aukefnum uppfærsla á skrá Evrópusambandsins sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna. Af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 20) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

⁽⁸⁾ http://ec.europa.eu/food/food/FAEF/additives/guidance_en.htm

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

Í stað færslunnar fyrir 1. lið í töflu 1 komi eftirfarandi:

„1	Óunnin matvæli eins og þau eru skilgreind í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008, að undanskildum unnum kjötvörum eins og þær eru skilgreindar í reglugerð (EB) nr. 853/2004“
----	--

2) Í stað færslunnar fyrir flokk 08 „Kjöt“ í D-hluta komi eftirfarandi:

„08.	Kjöt
08.1	Nýtt kjöt annað en unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004
08.2	Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004
08.3	Kjötafurðir
08.3.1	Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar
08.3.2	Hitameðhöndlaðar kjötafurðir
08.3.3	Garnir og gervigarnir, þekjuefni og skraut fyrir kjöt
08.3.4	Kjötafurðir sem eru verkaðar á hefðbundinn hátt, með sérstökum ákvæðum um nítít og nítrot
08.3.4.1	Hefðbundnar, þækilverkaðar kjötafurðir (kjötafurðirnar eru verkaðar með því að leggja þær í þækil sem inniheldur nítít og/eða nítrot, salt og aðra efnisþætti)
08.3.4.2	Hefðbundnar þurrsaltaðar afurðir. (Við þurrsöltun er þurr saltblanda, sem inniheldur nítít og/eða nítrot, salt og aðra efnisþætti, sett á allt yfirborð kjötsins og því næst kemur jöfnunar-/þroskunartími)
08.3.4.3	Aðrar afurðir sem eru verkaðar á hefðbundinn hátt. (Þækun og þurrsöltun eru notaðar saman eða nítít og/eða nítrot er sett í samsetta vöru eða þæklinum er sprautað í afurðina áður en hún er soðin“)

3) Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:

a) Færslan fyrir flokk 08.1 falli brott.

b) Í stað fyrirsagnarinnar á flokki 08.1.1 komi eftirfarandi:

„08.1	Nýtt kjöt annað en unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“
-------	---

c) Flokki 8.1.2 er breytt sem hér segir:

i) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„08.2	Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“
-------	--

ii) Í stað færslanna fyrir E 120, E 150a-d, E 262, E 300, E 301, E 302, E 325, E 326, E 330, E 331, E 332, E 333 og E 338-452 komi eftirfarandi:

„E 120	Kóíníí, karmínsýra, karmín	100		Einungis morgunverðarþylsur með 6% lágmarkskorninnihald og hamborgar kjöt með 4% lágmarksgremmetis- og/éða korninnihald, blandað saman við kjötíð (í þessum afurðum er kjötíð hakkað þannig að vöðva- og fituvefur dreifist fullkomlega og trefjarnar mynda ýrulausn með fitumí og gefa þannig afurðinni dæmigert útlit sitt), ýmsar tegundir af <i>merguez-vörum</i> , <i>salsicha fresca</i> , <i>mici</i> , <i>butifarra fresca</i> , <i>longaniza fresca</i> , <i>chorizo fresco</i> , <i>cevapcici</i> og <i>pljeskavice</i>
E 150a-d	Karamellulubróun litarefni	<i>efir þörfum</i>		Einungis morgunverðarþylsur með 6% lágmarkskorninnihald og hamborgar kjöt með 4% lágmarksgremmetis- og/éða korninnihald, blandað saman við kjötíð (í þessum afurðum er kjötíð hakkað þannig að vöðva- og fituvefur dreifist fullkomlega og trefjarnar mynda ýrulausn með fitumí og gefa þannig afurðinni dæmigert útlit sitt), ýmsar tegundir af <i>merguez-vörum</i> , <i>salsicha fresca</i> , <i>mici</i> , <i>butifarra fresca</i> , <i>longaniza fresca</i> og <i>chorizo fresco</i>
E 261	Kalíumasetat	<i>efir þörfum</i>		Einungis pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 262	Natríumasetót	<i>efir þörfum</i>		Einungis pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 300	Askorbínsýra	<i>efir þörfum</i>		Einungis <i>gehackt</i> , pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 301	Natríumaskorbat	<i>efir þörfum</i>		Einungis <i>gehackt</i> , pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 302	Kalíumaskorbat	<i>efir þörfum</i>		Einungis <i>gehackt</i> , pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 325	Natríumlaktat	<i>efir þörfum</i>		Einungis pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í

E 326	Kalíumlaktat		<i>efir þörfum</i>		Einungis pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 330	Sítrónusýra		<i>efir þörfum</i>		Einungis <i>gehakt</i> , pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 331	Natríumsítrat		<i>efir þörfum</i>		Einungis <i>gehakt</i> , pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 332	Kalíumsítröt		<i>efir þörfum</i>		Einungis <i>gehakt</i> , pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 333	Kalsíumsítröt		<i>efir þörfum</i>		Einungis <i>gehakt</i> , pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 338-452	Fosfórsýra og fosföt, dí-, trí- og fjölfosföt		5000	(1) (4)	Einungis morgunverðarþylsur: í þessari afurð er kjötíð hakkað þannig að vöðva- og fituvefur dreifist fullkomlega og trefjarnar mynda ýrulausn með fitunni og gefa þannig afurðinni dæmigert útlit sitt; grásóluð finnsk jólaskinka, hamborgarkjöt sem inniheldur a.m.k. 4% af grænmeti og/eða korni sem er blandað saman við kjötíð, <i>Kasseler</i> , <i>Bräte</i> , <i>Surfisch</i> , <i>toorvorst</i> , <i>sásilökk</i> og <i>ahjupraad</i> ⁴ .
iii) Eftirfarandi færslur bættist við í númeraröð:					
„E 100	Kúrkúmin		20		Einungis <i>merguez-vörur</i> , <i>salsicha fresca</i> , <i>butifarra fresca</i> , <i>longaniza fresca</i> og <i>chorizo fresco</i>
E 160c	Paprikukjarni		10		Einungis <i>merguez-vörur</i> , <i>salsicha fresca</i> , <i>butifarra fresca</i> , <i>longaniza fresca</i> , <i>chorizo fresco</i> , <i>bifteki</i> , <i>soutzoukaki</i> og <i>kebab</i>

E 162	Rauðrófulitur	<i>efir þörfum</i>			Einungis <i>merguez</i> -vörur, <i>salsicha fresca</i> , <i>butifarra fresca</i> , <i>longaniza fresca</i> og <i>chorizo fresco</i>
E 249-250	Nítrít	150	(7) (7')		Einungis <i>lomo de cerdo adobado</i> , <i>pincho moruno</i> , <i>carreta de cerdo adobada</i> , <i>costilla de cerdo adobada</i> , <i>Kasseler</i> , <i>Brätje</i> , <i>Surfleisch</i> , <i>toorvorst</i> , <i>šasliókk</i> , <i>ahjupraad</i> , <i>kielbasa surowa biala</i> , <i>kielbasa surowa metka</i> , og <i>tatar wólowy (damie tatarskie)</i>
E 260	Ediksýra	<i>efir þörfum</i>			Einungis pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 263	Kalsíumasetat	<i>efir þörfum</i>			Einungis pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 270	Mjólksýra	<i>efir þörfum</i>			Einungis pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 327	Kalsíumlaktat	<i>efir þörfum</i>			Einungis pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í
E 401	Nátríumalgínat	<i>efir þörfum</i>			Einungis kjötvörur sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í; unnar kjötvörur sem eru samsettar út hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman. Að undanskildum <i>bifteki</i> , <i>souzzoukaki</i> , <i>kebabgyros</i> og <i>souvlaki</i>
E 402	Kalíumalgínat	<i>efir þörfum</i>			Einungis kjötvörur sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í; unnar kjötvörur sem eru samsettar út hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman. Að undanskildum <i>bifteki</i> , <i>souzzoukaki</i> , <i>kebab gyros</i> og <i>souvlaki</i>
E 403	Ammóníumalgínat	<i>efir þörfum</i>			Einungis kjötvörur sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í; unnar kjötvörur sem eru samsettar út hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman. Að undanskildum <i>bifteki</i> , <i>souzzoukaki</i> , <i>kebab gyros</i> og <i>souvlaki</i>

E 404	Kalstímalgímát	<i>efir þörfum</i>	Einungis kjötvörur sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í; unnar kjötvörur sem eru samsettar út hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman. Að undanskildum <i>bifteki, soutzoukaki, keþap, gyros og sounlaki</i>
E 407	Karragenan	<i>efir þörfum</i>	Einungis kjötvörur sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í; unnar kjötvörur sem eru samsettar út hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman. Að undanskildum <i>bifteki, soutzoukaki, keþap, gyros og sounlaki</i>
E 407a	Unnið euechema-þang og þari	efir þörfum	Einungis kjötvörur sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í; unnar kjötvörur sem eru samsettar út hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman. Að undanskildum <i>bifteki, soutzoukaki, keþap, gyros og sounlaki</i>
E 410	Karóbgúmmí	efir þörfum	Einungis kjötvörur sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í; unnar kjötvörur sem eru samsettar út hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman. Að undanskildum <i>bifteki, soutzoukaki, keþap, gyros og sounlaki</i>
E 412	Gúargúmmí	efir þörfum	Einungis kjötvörur sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í; unnar kjötvörur sem eru samsettar út hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman. Að undanskildum <i>bifteki, soutzoukaki, keþap, gyros og sounlaki</i>
E 413	Tragakant	efir þörfum	Einungis kjötvörur sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í; unnar kjötvörur sem eru samsettar út hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman. Að undanskildum <i>bifteki, soutzoukaki, keþap, gyros og sounlaki</i>
E 415	Xantangúmmí	efir þörfum	Einungis kjötvörur sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í; unnar kjötvörur sem eru samsettar út hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman. Að undanskildum <i>bifteki, soutzoukaki, keþap, gyros og sounlaki</i>
E 500	Nátríumkarbónöt	<i>efir þörfum</i>	Einungis unnar alifuglakjötvörur, <i>mici, bifteki, soutzoukaki, keþap, sefalia, cévapóci</i> og <i>pljeskavice</i>

	E 1414	Asetýlað dísterkjufosfát	<i>efir þörfum</i>		<p>Einungis kjötvörur sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í; unnar kjötvörur sem eru samsettar út hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman, <i>gyros, souvlaki, bifteki, soutzoukaki, kebab og seftalia</i></p>
	E 1442	Hýdroxyprópyldísterkjufosfát	<i>efir þörfum</i>		<p>Einungis kjötvörur sem innihaldsefnum hefur verið sprautað í; unnar kjötvörur sem eru samsettar út hlutum kjöts sem hafa verið meðhöndlaðir á mismunandi hátt: hakkaðir, sneiddir eða unnir og sem er blandað saman, <i>gyros, souvlaki, bifteki, soutzoukaki, kebab og seftalia</i></p>
	(7): Hámarks magn sem má bæta við meðan á framleiðslu stendur				
	(7): Hámarks magn er gefið upp sem natríumnitríti				

d) Í stað fyrirsagnarinnar á flokki 08.2 komi eftirfarandi:

„08.3	Kjötafurðir“
-------	--------------

e) Í stað fyrirsagnarinnar á flokki 08.2.1 komi eftirfarandi:

„08.3.1	Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar“
---------	--

f) Í stað fyrirsagnarinnar á flokki 08.2.2 komi eftirfarandi:

„08.3.2	Hitameðhöndlaðar kjötafurðir“
---------	-------------------------------

g) Í stað fyrirsagnarinnar á flokki 08.2.3 komi eftirfarandi:

„08.3.3	Garnir og gervigarnir, þekjuefni og skraut fyrir kjöt“
---------	--

h) Í stað fyrirsagnarinnar á flokki 08.2.4 komi eftirfarandi:

„08.3.4	Kjötafurðir sem eru verkaðar á hefðbundinn hátt, með sérstökum ákvæðum um nítrít og nítröt“
---------	---

i) Í stað fyrirsagnarinnar á flokki 08.2.4.1 komi eftirfarandi:

„08.3.4.1	Hefðbundnar, þækilverkaðar kjötafurðir (kjötafurðirnar eru verkaðar með því að leggja þær í þækil sem inniheldur nítrít og/eða nítröt, salt og aðra efnisþætti)“
-----------	--

j) Í stað fyrirsagnarinnar á flokki 08.2.4.2 komi eftirfarandi:

„08.3.4.2	Hefðbundnar þurrsaltaðar afurðir. (Við þurrsöltun er þurr saltblanda, sem inniheldur nítrít og/eða nítröt, salt og aðra efnisþætti, sett á allt yfirborð kjötsins og því næst kemur jöfnunar-/þroskunartími)“
-----------	---

k) Í stað fyrirsagnarinnar á flokki 08.2.4.3 komi eftirfarandi:

„08.3.4.3	Aðrar afurðir sem eru verkaðar á hefðbundinn hátt. (Þæklu og þurrsöltun eru notaðar saman eða nítrít og/eða nítrat er sett í samsetta vöru eða þæklinum er sprautað í afurðina áður en hún er soðin)“
-----------	---